

# STJÓRNARTÍÐINDI A 13 — 1965

---

12. nóvember 1965.

Nr. 91.

## TILSKIPUN

um reglur um sérstök ljósmerki fyrir fiskiskip að veiðum með herpinót og kraftblökk.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Samkvæmt 13. gr. tilskipunar um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, nr. 79 frá 10. ágúst 1965<sup>1</sup>, eru hér með settar eftirfarandi reglur:

#### 1. gr.\*

Vélknúið skip að fiskveiðum með herpinót og kraftblökk má hafa tvö rafgul ljós hvort þráðbeint upp af öðru á þaki stýrishússins. Neðra ljósið á að vera minnst 5 fetum og efra ljósið minnst 8 fetum ofar en hliðarljósin, enn fremur skulu þau sjást, hvaðan sem litið er 2 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti. Ljós þessi skulu þannig gerð, að þau tendrist og slökkni á víxl með um það bil einnar sekúndu millibili, þannig að efra ljósið tendrist, þegar slökknar á því neðra og öfugt.

Þessi ljós má aðeins sýna meðan veiðarfærið er í sjó og eiga þau að vara önnur skip við að fara of nærri.

#### 2. gr.

Tilskipun þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. tilskipunar um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, nr. 79 frá 10. ágúst 1965, öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 12. nóvember 1965.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Eggert G. Þorsteinsson.*

[\* Heimildina er nú að finna í 3. gr. II. viðauka Alþjóðasamningsins um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, með breytingum. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með lögum 10/2006.

3. Merki skipa að nótaveiðum.

Skip að nótaveiðum mega hafa uppi tvö gul ljós, annað lóðrétt upp af hinu. Ljósin skulu blossa til skiptis hverja sekúndu og vari ljósið jafnlangan tíma og myrkrið. Ljós þessi má eingöngu sýna þegar skipið er bundið veiðarfærum sínum.]

---

<sup>1</sup> Sbr. nú lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstur á sjó, 7/1975, sbr. 10/2006.